

Orkustofnun,  
Orkugarði  
María Guðmundsdóttir, Harpa Þórunn Pétursdóttir  
Grensásvegur 9  
108 REYKJAVÍK

Garðabær, 13. janúar 2020  
2019120020/42-0  
SB, TB  
tb

### Jarðhitanyting á Hjalteyri

Vísað er til bréfs frá Orkustofnun, dags. 19. desember 2019, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um umsókn Norðurorku um leyfi til nýtingar á jarðhita á Hjalteyri.

Í greinargerð, ÍSOR-19066, á bls. 3 kemur fram að nýting á svæðinu megi aldrei vera meiri en svo að niðurdráttur í kerfinu verð svo mikill að sjór taki að smitast inn í það. Talið er óvíst að vinnslan nái nokkurn tíma þessum mörkum miðað við að Hjalteyrarkerfið er talið standa undir 250-280 L/s í meðalvinnslu og að vinnslan hafi aldrei verið meiri en 50-55% af áætlaðri afkastagetu. Áætlað er að fara í allt að 180-215 L/s vinnslu sem væri þá frá ca. 65-80% af afkastagetu svæðisins..

Í skýrslu ÍSOR 2017 / 050, Jarðhitakerfið á Hjalteyri, Skoðun á niðurdrætti þrýsting og mögulegum áhrifum hans, er m.a. fjalla um möguleg áhrif niðurdráttar á svæðinu ef sjór fer að streyma inn í jarðhitakerfið og þá hugsanleg áhrif á Árnarnesstrýtur sem eru friðlýstar vegna sérstöðu sinnar sem felst m.a. í myndun hverastrýtanna, efnasamsetningu, útliti og lögun ásamt örveruvistkerfi sem þar þrífst þar við óvenjulegar aðstæður.

Á bls. 7 í framangreindri skýrslu segir: „Þá liggja svonefndar Árnarnesstrýtur, sem eru neðansjávarhverir, á sjávarbotni norðan Hjalteyrar og eru taldar tengjast jarðhitakerfinu á Hjalteyri. Hefur sá möguleiki verið nefndur að falli vatnsborð í jarðhitakerfinu of mikið mun rennslið í strýtunum snúast við og sjór streyma um þær ofan í jarðhitakerfið. Jafnvel hefur verið nefnt að halda þurfi vatnsborði í vinnsluholunum ofan sjávarmáls. Það gæti verið fullmikil varfærni.“

Í kafla 5 bls. 24 í sömu skýrslu eru sundurliðaðir punktar um hvernig skýrsluhöfundar/ÍSOR leggja til að staðið verði að vinnslu á jarðhitunum til framtíðar almennt og bent á rannsóknir og vöktun sem þarf að fara í. Þar er sérstaklega komið inn á vöktun vegna Árnarnesstrýtna og hugsanleg áhrif á þær m.a. undir liðum 1., 5., 7. og 11. Náttúrufræðistofnun tekur undir þær

hugmyndir sem koma fram um vöktun á Arnarnesstrýtum í tengslum við jarðhitanýtingu á Hjalteyri. Til að koma í veg fyrir getgátur um hvað sé fullmikil varfærni telur Náttúrufræðistofnun að gera eigi kröfu um það í nýtingarleyfi að strax verði farið í nauðsynlegar mælingar á sjávarbotni sbr. lið 1 í samantek ÍSOR og í framhaldinu komið á vöktunarkerfi þar sem sérstaklega verður fylgst með áhrifum aukinnar jarðhitanýtingarinnar á virkni jarðhitans við Arnarnesstrýtur. Komi í ljós neikvæði áhrif í á Arnarnesstrýtur þarf að bregðast við því.

Virðingarfyllst

Trausti Baldursson  
forstöðumaður vistfræði- og ráðgjafardeildar